

9

Ferð að Uxafótarlæk 20/6 1947.

H.B. Lindvik og S. Rist komu frá Skógá undir Austur-Eyja-fjöllum aðfaranótt þess 20. júní að Vík í Mýrdal og fengu gistingu á hótelinu.

Um morgunin höfðu þeir samband við rafstöðvarstjórnann, Guðna Bjarnason. Hann fór með þeim til leiðbeiningar og aðstoðar að Uxafótarlæk, sem er nokkru austan við Víkurkletta.

Lækurinn fellur fram af háum hömrum og var komið að honum neðan við hamrana. Um 100 m neðan við hamrana kemur lækur úr austri og fellur í Uxafótarlæk. Ekki er talið ráðlegt að sameina þá ofan við fallvatnið, svo að vatnsmagn þess eystri var ekki mælt, þ.e.a.s. vhm komið fyrir og vatnsrennslismæling gerð ofan við lækjamótin.

Settur niður vatnshæðamælir.

Um 25 m neðan við hamrana var settur niður vhm. Þar er botninn fastur, stórgrýti og urð. Reknar voru niður járnþráur, sem vhm var svo skrúfaður fastur á. F.M. er centrum í hring úr rauðri menju á hamraveggnum vestan læksins.

Toppur á vhm liggur 175 cm undir F.M.

Toppur á vhm sýnir 140 cm á skalanum, en vhm hallast 30° frá lóðlínu upp að bakkanum.

Vatnshraðamæling.

Um 5 m neðan við vhm var vatnsmagið mælt, þar var botn sléttur.

Mælt var með tveim mælum: Flújel 3732 og vatnshraðamæli Ivars Jónssonar.

Vhm sýndi 44 cm.

Um álestur á vhm.

Guðni Bjarnason, rafstöðvarstjóri, var beðinn að annast álestur, en tilkynnt jafnframt að bréf viðvikjandi vhm yrði sent frá raforkumálastjóra austur til Víkur. Ekki var samið um greiðslu fyrir álestur, en því atriði vísað til nefnds bréfs.

Komið var til Reykjavíkur þann 21. júní.

26. júní 1947,

UxaFótarlækur

Háimrar

F.M.

Vhm

Ísón

Þjóðvegur

3½ km að Jík í Mýrdal



S

A